

AUGLÝSING

um breytingu á skilmálum fyrir deiliskipulag Valla 5. og 6. áfanga í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 3. janúar 2007 breytingu á skilmálum fyrir deiliskipulag Valla 5. og 6. áfanga í Hafnarfirði. Í breytingunni felst að við endanlega vinnslu skipulagsskilmála hafði fallið brott ákvæði um að skila skyldi sérteikningum með lóðahönnun fjölbýlishúsa áður en fokheldisvottorð yrði gefið út. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 25. janúar 2007,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2007